

fram, en rétturinn telur engar líkur til, að sprungið hafi á framhjólínu áður en það rann út af, var það meiri ógætni að beita bifreiðinni upp í vegkantinn af mikilli ferð.

Í 6. gr. bifreiðarlaganna er það tekið fram, að þar, sem ökumaður sjái ekki langt fram á veginn eða bugður séu krappar, megi ekki aka hraðara en svo að stöðva megi vagninn þegar í stað. — Ákærður hefir því freklega brotið gegn ákvæðum þessarar greinar, og rétturinn verður að telja, að ákærður hafi farið svo óvarlega af ástæðum, sem að framan segir, að hann hafi, þar sem mannsbani hlaut af, og brotið gegn ákvæðum 200. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing sú, er kærður, sem ekki er áður refsað, hefir tilunnið, er að áliti dómarans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í einn mánuð.

Svo missi ákærður og æfilangt leyfi til að aka bifreið.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 40.00 til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Lárusar Fjeldsted hrmflm.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 4. nóv. 1929.

Nr. 97/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn

Jens Eyjólfssyni (Guðmundur Ólafsson).

Áfengislaga- og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. ág. 1929:
Kærður, Jens Eyjólfsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa en sæti ella einföldu fangelsi í 15 daga.

Ennfremur skal hann sviftur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Svo greiði kærður og allan kostnað sakarinnar.

Dómnum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með þeirri athugasemd, að ekki er upplýst í prófum málsins annað eða frekara en að kærði hafi verið

undir áhrifum vins, ber, af ástæðum þeim, sem fram eru teknar í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, að staðfesta hann.

Kærði greiði allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 40 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað.

Kærði, Jens Eyjólfsson, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 40 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jens Eyjólfssyni, byggingarmeistara, Grettisgötu 11, hér í bænum fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 56 frá 1926, um notkun bifreiða, og áfengislaganna nr. 64 frá 1928.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

Um kl. 11½ að kvöldi 8. þ. m., var lögreglunni tilkynnt, að kærður í þessu máli, Jens Eyjólfsson, væri að aka um bæinn í bifreiðinni RE. 727. Lögreglan fékk sér leigða bifreið til þess að leita að kærðum og eftir talsverða leit sá lögreglan bifreiðina RE. 727 ekið vestan Vesturgötu fremur hægt en nokkuð slögótt. Óku lögregluþjónarnir á eftir henni suður Suðurgötu og vestur á Sólvelli, en þar stansaði bifreiðin og höfðu lögregluþjónarnir þar tal af kærðum, sem sat við stýrið og var talsvert ölvaður. Lögreglan tók bifreiðina af kærðum, og ökuskirteini var tekið af honum daginn eftir.

Kærður hefir kannast við, að þessi frásögn lögreglunnar sé rétt, hann hefir kannast við það að hafa þarna um kvöldið

drukkið talsvert af áfengi og ekið hér um bæinn undir áhrif-
um áfengis án þess þó að slys hlytist af.

Með þessu framferði, sem lýst er hér að framan, hefir kærð-
ur, sem ekki hefir áður verið refsað fyrir nokkurt afbrot, brotið
gegn 5. gr. bifreiðarlaganna og 20. gr. áfengislaganna, og
þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin
200 króna sekt, er renni í rikissjóð, og skal kærður jafnframt
sviftur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms
þessa. Sektin greiðist innan 10 daga frá lögbirtingu dóms
þessa ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 15
daga.

Ennfremur greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 8. nóv. 1929.

Nr. 100/1929.

Réttvisin (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

**Benjamin Ágúst Jenssyni, Alfred
Nielsen, Ingólfi Andræssyni og Jóni
Þorsteinssyni** (Guðmundur Ólafsson).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. júní 1929:
Ákærður, Otto Alfred Nielsen, á að vera sýkn af ákæru rétt-
visinnar í máli þessu.

Ákærðir, Benjamin Ágúst Jensson, Ingólfur Siggeir Nielsen
og Jón Bjarni Zakarías Frank Þorsteinsson, sæti hver um sig
fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga. Svo greiði
þeir in solidum 100 króna skaðabætur til Jónatans Þorsteins-
sonar og 80 kr. til Sigurðar Simonarsonar, svo og in solidum
allan kostnað sakarinnar.

Ef ákærðir greiða hinar ídæmdu skaðabætur innan 15 daga
frá lögbirtingu dóms þessa, skal fullnustu refsingarinnar frestað
og hún falla niður, nema ákærðir innan 5 ára frá uppsögn
dóms þessa, sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drygðan
af ásettu ráði og í því dæmdir til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.